

VEIDIMÁLASTOFNUNIN



Þórir Dan Jónsson.

Fiskirannsóknir í Úlfsvatni og Úlfvatnsá
1980

Borgarnesi, apríl 1983

Úlfsvatn og Úlfvatnsá.

Inngangur.

Fiskirannsóknir á Arnarvatnsheiði hafa verið takmarkaðar og lítið er vitað um silungastofna þá sem í vötnunum lifa. Þó er það almennt álit manna sem til þekkja að gæði silungs (stærð og holdafar) hafi farið minnkandi síðari árin og liggur beint við að álykta að minnkandi sókn sé frumorsökin fyrir því.

Því miður hefur enn ekki gefist tækifæri til að gera neina frumkönnun á fiskstofnum vatnanna, þar sem hlutfallsleg stærð, aldur, vöxtur, kynþroskaaldur, magainnihald einstakra fiska og annars almennt ásigkomulag fiskanna væri rannsakað. Þó hef ég lítillega rannsakað Úlfsvatn þann 18-19/7 1980 og verður vikið að niðurstöðum þeirra rannsókna hér á eftir.

Hingað til hefur reynst örðugleikum bundið að markaðssetja silung og verðið hefur oft verið lágt, þannig að mönnum hefur vart fundist það borga sig að standa í öllu því veseni sem silungsveiðum sem atvinnugrein fylgir. Einhverjar líkur eru nú á því að breytinga á þessu sé að vænta. Á vegum landbúnaðarráðuneytisins hefur verið stofnuð nefnd sem hefur það markmið að auka nýtingu silungsvatna, og eru helstu verkefni nefndarinnar þau að þróa hentug veiðarfæri og afla markaða fyrir silung.

Í samráði við nefndina hefur Kaupfélag Borgarfjarðar ákveðið að setja á fót fiskmóttöku í Borgarnesi sem væntanlega mun taka á móti fiski frá Vesturlandi og einhverjum hluta Norðurlands. Að vísu verður byrjað smátt, en í ljósi fenginnar reynslu verður ákvörðun um framhald tekin. Í fiskmóttökunni verður fiskurinn gæðaflokkaður og ýmist seldur óunninn eða unninn, allt eftir gæðum fisksins.

Sýnist því sem grundvöllur fyrir betri nýtingu vatna á Arnarvatnsheiði sé að skapast.

Úlfsvatn, niðurstöður og ályktanir.

Í Úlfsvatn var lögð 7 neta samstæða með 19-45 mm. möskvastærð (milli hnúta). Slík samstæða veiðir nokkuð jafnt allar stærðir af fiski á bilinu 20-50 cm. og sýnir nokkuð vel hlutfallslega samsetningu fiskstofnsins. Þar sem góðan bát vantaði voru netin einungis lögð út frá ströndinni nálægt þeim stað þar sem Úlfvatnsá fellur úr vatninu.

Í Úlfsvatni veiddust 33 bleikjur og 9 urriðar, en í Úlfvatnsá (stokkunum) veiddust 10 bleikjur. Lengdar- og aldursdreifing aflanns er sýnd á mynd 1.

Bleikja. Rúmlega helmingur bleikjuaflanns í Úlfsvatni var 30-34 cm fiskur (250-350 gr.). Flestar bleikjurnar voru ljósrauðar í sárið og í samilegum holdum. Vöxtur eftir að fjögurra ára aldri er náð er frekar hægur eða u.þ.b. 2.3 cm. á ári að meðaltali.

Mynd 2 sýnir vaxtarlínurit fyrir bleikju í Úlfsvatni. Til samanburðar er vaxtarlínurit fyrir bleikju úr Úlfvatnsá sýnd á myndinni (sjá síðar).

Urriði. Urriðarnir sem veiddust voru frá 24,5-43.5 cm stórir. Lengdar og aldursdreifing aflanns er sýnd á mynd 1. Aldur og vöxtur urriðans er sýndur í töflu 1.

Tafla 1. Útreiknaðar lengdir á urriða (samkv.hreistri) í Úlfsvatni 19/7 1980.

Aldur	Fj.	\bar{L}	l_1	l_2	l_3	l_4	l_5	l_6	l_7	l_8	l_9	l_{10}
4 ⁺	1	24.5	7.2	11.5	14.3	18.3						
6 ⁺	3	32.3	6.8	11.5	15.3	19.8	25.0	28.9				
7 ⁺	2	37.2	5.6	9.3	12.6	16.6	22.1	27.5	33.8			
8 ⁺	1	38.0	5.9	12.9	15.3	18.2	21.9	26.4	30.6	35.2		
9 ⁺	1	39.0	6.4	10.7	13.4	16.4	18.7	22.7	28.2	33.7	37.1	
10 ⁺	1	43.5	5.3	8.5	11.0	14.8	20.4	24.9	27.1	32.2	36.2	40.7
	9	<i>MEDALTAL</i>	6.2	10.8	13.9	17.8	22.5	27.0	30.7	33.7	36.6	40.7

\bar{L} = meðallengd, l_1, l_2 o.s.frv. = útreiknaðar meðallengdir við 1, 2 vetur o.s.frv.

Mynd 3 sýnir vaxtarlínurit fyrir urriðann, en línuritið er unnið upp úr töflu 1. Vöxtur urriðanns er frekar hægur eða um 4 cm að meðaltali fyrstu fimm árin, en þá dregur úr vextinum.

Orsök lítils vaxtar er yfirleitt sú að fæðuframboðið er of lítið. Fiskur þarf aukna fæðu eftir því sem hann stækkar og einhvern tíma kemur að því að þörfin verður meiri en fæðuframboðið og þá dregur úr vextinum.

Sé lengdar- og aldurssamsetning aflanns sem veiddist dæmigerð fyrir Úlfsvatn í heild (hafa verður í huga að einungis var lagt út frá ströndinni og aðeins í suðvestanverðum hluta vatnsins) verður vatnið að flokkast sem mjög þéttsetið eða vægt ofsetið. Slík vötn eru gjarnan afkastamestu veiðivötnin, en skilyrðið er að stunduð sé mikil veiði í þeim. Til þess að fiskurinn stækki og verði betri í Úlfsvatni er því nauðsynlegt að auka veiðialagið frá því sem nú er.

Stangaveiði eingöngu er yfirleitt ekki nægjanleg í þéttsetnum vötnum og verður því einnig að nota lagnet. Heppileg möskvastærð fyrir Úlfsvatn gæti verið 24-18 omf/alin (26-35 mm. á legg).

Árlegt fiskmagn má áætla 10-15 kg./ha. (hugsanlega meira), en að sjálfsögðu verður reynslan að skera úr um það.

Úlfvatnsá.

Tvö net voru lögð í Úlf vatnsá nóttina 18-19/7 (19.5 mm og 35.0 mm. á legg).

Ein bleikja (13.5 cm. stór) veiddist í fínriðna netið en 9 í það grófa. Á mynd 1 er lengdar- og aldursdreifing aflanns sýnd.

Bleikjan sem veiddist var áberandi fættari (mikill mör á innyflum) en bleikjan í Úlfsvatni. Ennfremur var hún úttroðin af skötuormi. Aldursgreiningar sýna að jafngömul bleikja er mun stærri en í Úlfsvatni. Samanburður á myndum 1 og 2 sýnir greinilega þennan mikla vaxtarmun. Virðist því sem bleikjan í Úlfvatnsá sé nokkuð staðbundin og fæðuskilyrði séu mun betri þar heldur en í Úlfsvatni.


BLEIKJA

Fjöldi Fiska

ÚLFVATN




ÚLFVATNSÁ



VRRIÐI

Fjöldi Fiska


ÚLFVATN




MYND 1.

ÚLFVATN OG ÚLFVATNSÁ; LENGDAR- OG ALDURSER
DREIFING ABLANS.

Mynd 2: Aldur og
 Vöxtur hjá Bleikju
 Úlfsvatni og
 Úlfvatnsá, 1980





Mynd 3:
 VÖXTUR Á URRÍÐA
 ÚLFSVATNI 1980

AÐUR Í VETRUM